

Rétsýn ehf. – lögmannsstofa
Marteinn Másson, hrl.
Lágmúla 7 – 108 Reykjavík
Sími: 516-4000
Netfang: marteinn@rettsyn.is

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2019

Varðar: Rammasamningsútboð um stýribúnað umferðarljósa nr. 14356

Erindi þetta er sent fyrir hönd umbjóðanda míns, **Smith & Norland hf.**, lægstbjóðanda í ofangreindu útboði.

Ég vísa til fyrilliggjandi ákvörðunar innkauparáðs Reykjavíkurborgar um að samþykkja erindi umhverfis- og skipulagssviðs um að draga ofangreint útboð til baka og bjóða út að nýju og þeirrar forsendu sem sú ákvörðun byggir á. Umbjóðandi minn gerir nokkrar alvarlegar athugasemdir við þessa ákvörðun og forsendu hennar.

Í fyrsta lagi er bent á að engin athugasemd kom fram frá öðrum bjóðendum eða hugsanlegum bjóðendum á tilboðstíma og ekki heldur við útboðsopnun. Ekki er kunnugt um að kærunefnd útboðsmála hafi borist kæra vegna þessa útboðs. Minnt er á að kærunefndin hefur talið að seljendur vöru, verks eða þjónustu, er hefðu áhuga að taka þátt í útboði opinbers aðila, en hefðu athugasemdir um útboðið eða andmæli, þyrftu að kæra það innan 20 daga til kærunefndar útboðsmála, til þess að fá það ógilt, í heild eða að hluta, sbr. meðal annars málið nr. 3/2019 fyrir nefndinni. Umbjóðandi minn telur að sömu sjónarmið eigi hér við, þ.e. að engin kæra barst nefndinni, hvorki fyrir 11. nóvember né 15. nóvember 2019 og heldur ekki eftir það tímamark. Umbjóðandi minn telur því að umhverfis- og skipulagssviði og innkauparáði hafi borið lagaskylda til þess að halda útboðsferlinu áfram og ljúka því eins og til stóð.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar lagði mat á innsend tilboð og komst að þeirri ótvíraðu niðurstöðu að ganga ætti að tilboði umbjóðanda míns, enda var það lægst og uppfyllti öll tæknileg skilyrði. Mistök við auglýsingu útboðsins virðast fyrst hafa uppgötvast eftir two fundi í innkauparáði um málið og umrædd niðurstaða dregin til baka daginn fyrir þann þriðja, þar sem síðan var samþykkt erindið um að draga útboðið til baka.

Í öðru lagi bendir umbjóðandi minn á að ákvörðunin bitnar á fyrirtækinu því hún sviptir það mikilvægum samningi við Reykjavíkurborg sem fyrir liggar skriflega að það annars hefði fengið. Ákvörðunin er öðrum þátttakendum í útboðinu augljóslega til hagsbóta því hún gefur þeim taekifæri á, verði boðið út að nýju, til þess að hagréða tilboðstolum sínum á ný, nú með vitneskju um innihald tilboðs umbjóðanda míns í forgjöf. Telst það vera algjörlega í andstöðu við meginreglur útboðsréttar að raska á þennan hátt jafnræði bjóðenda og að skaða þannig lögvarða hagsmuni Smith & Norland með nýju útboði.

Í þriðja lagi er bent á að niðurstaða útboðsins var birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar sama dag og tilboð voru opnuð. Þar kemur fram að umbjóðandi minn bauð í alla liði en samkeppnisaðilarlarnir einungis í hluta af liðum útboðsins. Ennfremur voru birt tilboðsverð þátttakenda í hvern lið fyrir sig, í stað þess að birta einungis heildartilboðsupphæð, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016. Vitneskja um

magntölur og innihald hvers liðar liggur auðvitað fyrir og því auðvelt kunnugum að reikna út einingaverð allra atriða í hverjum lið fyrir sig. Niðurstaðan er öllum aðgengileg, ekki eingöngu þátttakendum í útboðinu heldur líka öðrum samkeppnisaðilum, sem nú gætu líka hugsað sér að nýta forgjöfina og taka þátt í nýju útboði. Einnig hér er raskað á ólögmætan hátt jafnræði bjóðenda, sem vinna að tilboðsgerð í góðri trú um að umhverfis- og skipulagssvið og innkauparáð fari að réttum reglum í útboðsferlinu.

Í fjórða lagi er bent á að umbjóðandi minn hefur byggt upp umtalsverð viðskipti við Reykjavíkurborg á þessu tilteksna sviði í gegnum tíðina, saga sem teygir sig allt aftur til ársins 1979. Þessi viðskipti skiptir umbjóðanda minn því fjárhagslega verulegu máli. Umbjóðandi minn gerir kröfu til þess að hann sitji við sama borð og aðrir bjóðendur og að öðrum bjóðendum verði ekki skapað samkeppnisforskot, til dæmis með birtingu upplýsinga eins og að ofan getur.

Í ljósi þess sem að ofan greinir er þess hér með krafist að innkauparáðið endurskoði fyrri afstöðu sína, sem fólk í sér samþykki á því erindi umhverfis- og skipulagssviðs að draga útboðið til baka. Það erindi er augljóslega á röngum grunni reist. Er þess krafist að útboðsferlinu verði fram haldið í samræmi við tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. nóvember 2019, til Innkauparáðs, þar sem lagt var til að samið yrði við lægstbjóðanda, Smith & Norland hf.

Þess er óskað að afstaða innkauparáðs liggi fyrir og verði send með tölvupósti til undirritaðs lögmanns Smith & Norland eigi síðar en kl. 16:00 á morgun, föstudaginn 20. desember 2019.

Virðingarfyllst
f.h. Smith & Norland hf.

Marteinn Másson, hr.